



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 21. Október 2019

Innkauparáð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

ÚTBOÐ nr. 14554 DPS (Gagnvirkt innkaupakerfi) - þjónusta sérfræðinga vegna notendamiðaðrar hönnunar/þjónustuhönnunar

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 10. október 2019 og skiluðu sex fyrirtæki inn tilboði.

Eftirfarandi fyrirtæki óskuðu eftir því að taka þátt.

Deloitte ehf
Kolibri ehf
Advania
Capacent
Itera Norge AS.
Prógramm ehf.

Með vísan í kafla 1.12.1 um tæknilegt hæfi umsækjenda þar sem kveðið er á um að fyrirtæki skuli hafa að minnsta kosti tvo starfsmenn á launaskrá sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- ➤ Starfsmaður skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi eða a.m.k. samanlagða 3 ára reynslu af verkefnum á sviði notendamiðaðrar hönnunar/þjónustuhönnunar (e.design thinking/service design).
- ➤ Starfsmaður skal hafa þekkingu á aðferðarfræði notendamiðaðrar hönnunar/þjónustuhönnunar og hafa lokið a.m.k. þremur verkefnum sem snúa meðal annars að greiningum og/eða innleiðingu breytinga hjá þjónustufyrirtæki / þjónustustofnun á síðastliðnum 36 mánuðum þar sem aðferðarfræði notendamiðaðrar hönnunar/þjónustuhönnunar var notuð.

✓ Umsækjandi skal skila með umsókn sinni ferilskrá starfsmanna að framangreindar kröfur séu uppfylltar af Umsækjanda.

Hæfi bjóðenda var metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir sendu inn með tilboðum sínum og staðfestir Þjónustu- og nýsköpunarsvið að Deloitte ehf, Kolibri ehf, Advania, Capacent og Itera Norge AS. hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru í grein 1.12.1 “Lágmarkskröfur um hæfi”, í útboðsgögnum. Eitt fyrirtæki stóðst ekki framsettar hæfniskröfur og er það Prógramm ehf.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið leggur til við Innkauparáð að samið verði við *Deloitte ehf, Kolibri ehf, Advania, Capacent og Itera Norge AS.*

Anna Yr. Samræðing

